

Árni Helgason

Vesturdaísá í Vopnafirði

03.11.1982

VAUST / 8204

Vesturdalsá í Vopnafirði.

### Inngangur.

Dagana 12 - 14 ágúst 1982 var gerð árleg seiðakönnun í Vesturdalsá eins og undanfarin 4 ár. Þessar athuganir eru liður í rannsóknum Veiðimálastofnunar á laxám á NA og Austurlandi. Vesturdalsá er minnst laxáanna í Vopnafirði. Hún á upptök sín að mestu í Arnarvatni á Hauksstaðaheiði, en víða renna í hana minni lækir á leið til sjávar. Vesturdalsá rennur um Þverfellsdal og Vesturárdal í Nípslón. Frá upptökum að lóninu eru um 30 km, en Nípslón er um 5 km á lengd. Sjávarfalla gætir nokkuð í lóninu. Áin er fiskgeng að fossi 3-4 km innan við Haukstaði, alls um 22 km ef lónið er undanskilið. Neðsti hluti árinna er mjög lygn og rennur hún þar á sandbotni, en ofar þar sem brattinn er meiri, er víðast grýttur - smágrýttur botn og ágæt skilyrði fyrir laxaseiði hvað viðvíkur rennsli og botngerð.

Vesturdalsá er fremur vatnslítill einkum þegar líður á sumar, en úr þessu hefur að nokkru verið bætt með stíflugerð við Arnarvatn og miðlun á vatni yfir sumartímann.

### Athuganir og aðferðir.

Árlega er rafveitt á 6 stöðum í Vesturdalsá (sjá mynd 1). Þessar stöðvar eru jafndreifðar á fiskgenga hlutann og eru þannig valdar, að þær sé sem mest einkennandi fyrir ána í heild. Öll seiði sem veiðast eru lengdarmæld og sýnishorn eru tekin af hreistri og kvörnum til aldursákvörðunar.

Efsti hluti fiskgenga hlutans var skoðaður og 2 fossar athugaðir, en þeir eru gönguhindrun fyrir lax.

Árangur smáseiðasleppinga á ófiskgenga hlutann árið 1981 var at-

hugaður á 2 stöðum ofan við fossa. (sjá mynd 1)

### Niðurstöður.

Niðurstöður rafveiða á fiskgengum hluta Vesturdalsár eru að finna í töflu 1 og á mynd 2.

Það er áberandi, hversu mismikill styrkur er í einstökum seiðaárgöngum. Ef litið er á töflu 1 og mynd 2 og 3, þá er greinilegt, að um 2 sterka árganga er að ræða í ánni sem stendur. Eru það klakárgangur frá vori 1978, og frá vorinu 1980. Klakárgangur frá árinu 1979 er mjög veikur, og 1981 árgangurinn virðist vera veikur árgangur einnig. Ekkert klak frá því í vor kom fram í rafveiðum.

Niðurstöður athugana á árangri seiðaleppingar á ófiskgenga hluta árinna eru sýndar í töflu 2 og á mynd 4. Í stuttu máli þá hafa þær tekist mjög vel. Ekki er hægt að segja til um afföll þar sem þéttleiki í upphafi er óþekktur, en vöxtur er alveg bærilegur eða um 4 cm á  $1\frac{1}{2}$  sumri. (Seiðin voru 5-6cm að lengd við sleppingu skv. munnl. upplýsingum Sigurjóns Friðrikssonar.).

Gengið var frá Valagilsá að 2 fossum  $2\frac{1}{2}$  og 4 km ofan við Hauksstaði. Neðri fossinn er mjög lágur aðeins um 2 metrar á hæð og er væntanlega ekki veruleg hindrun fyrir uppgöngulax ef nægt vatn er í ánni. Efri fossinn er heldur meiri, um það bil 3 metrar á hæð, og eins og aðstæðum er háttað, þá er ekki líklegt að fiskur komist upp hann þar sem hann fellur að nokkru á klöpp, og ekki er næg spyrna fyrir göngufisk til að stökkva hann.

### Ályktanir og Umræður.

Eins og fyrr getur, þá er greinilegur munur á styrk einstakra árganga, og fer hann að mestu saman við árferði klakvorið. Síðastliðið vor reyndist fremur kalt, og snjóbráð gætti fram á sumar í ánum í Vopnafirði og víðar. Af þessum sökum hitnuðu árnar seint og hefur það seinkað klaki nokkuð og er það ekki komið uppúr mölinni þegar rafveiðar eiga sér stað. Úrslitapýðingu fyrir þennan árgang hefur því haustveðráttan, en undir henni er komið hversu vel seiðin verða undir veturinn búinn.

Hinsvegar verður að hafa í huga, að þar sem laxagengd síðustu ár hefur verið með al-minnsta móti (42 laxar veiddir sumarið 1981) og því líklega lítið af hrygningarfiski í ánni að veiðitíma loknum, AÐ af þeim sökum hafi verið mjög lítið klak til staðar í ánni nú í vor. Úr þessu ætti að fást skorið í athugunum á næsta ári.

Eins og kemur fram í töflu 1 og á mynd 2, þá eru sterkir árgangar frá 1978 og 1980, en bæði þessi ár voru meira en í meðallagi hlý. Hinsvegar er 1979 árgangurinn mjög veikur og allt bendir til þess að sömu sögu verði að segja um 1981 árganginn.

Ef leiða á líkur um horfur næstu ára af þeim niðurstöðum sem liggja fyrir, þá er þess fyrst að geta, að sterki árgangurinn frá 1978 hefur að einhverju leyti gengið niður síðastliðið vor, og það sem eftir er í ánni frá því ári gengur væntanlega niður næsta vor. Seiði frá 1980 hafa náð 8.2 cm meðallengd nú í sumar og nær því væntanlega hluti þeirra niðurgöngustærð næsta haust og síðan haustið 1984. Má því búast við aukningu í laxgengd á næstu 2 árum þegar seiði frá 1978 snúa aftur og sömuleiðis 1985 - 1986 þegar 1980 árgangurinn fer að skila sér í veiði. Ekki er hægt að segja með nákvæmni hversu mikillar aukningar er að vænta, enda verður að hafa það í huga, að ástand sjávar og örlög laxins á meðan sjávardvöl stendur hefur mikil áhrif, en um þann þátt er ógerningur að segja fyrir um. Seiðin sem sleppt var í Vesturdalsá ofan fossa hafa eins áður segir komið vel út. Einhver hluti þessara seiða nær nægilegri stærð nú í haust til að ganga niður næsta vor, en mestur hluti væntanlega haustið 1983. Í samræmi við það skila þessi seiði sér í veiði á árunum 1984 - 1986. Full ástæða er að halda áfram á þessari braut, og nýta framleiðslugetu ófiskgenga hlutans. Þessi hluti árinna er um 6.5 km frá Arnarvatni og að efri fossinum sem skoðaður var, og ef gengið er útfrá því að áin á þessu svæði sé um 10m að meðalbreidd, þá er hér  $65.000\text{m}^2$  svæði sem nýta má með t.d. smáseiðasleppingu, en á það mætti setja 20 - 30 þúsund sumaralin seiði árlega, sé miðað við að þéttleiki í upphafi sé 30-50 seiði á  $100\text{m}^2$ . Á milli fossanna er svo 1.5 km svæði sem er að nokkru leyti klapparbotn, sem nýtist seiðum illa, en á það svæði er þó hægt að sleppa 3-5 þúsund sumaröldum seiðum á grýtta kafla. Það er því ljóst, að ófiskgengi hlutinn býður uppá talsverða framleiðsluaukningu.

Svæðið ofan fossa er einnig hægt að nýta með því að gera göngulaxi kleift að komast á svæðið og hrygna. Í því sambandi er annaðhvort að veiða hrygningarfisk á haustin og flytja uppfyrir gönguhindranir eða að gera fossana fiskgenga. Hvað seinna atriðið varðar, þá er það væntanlega ekki um mikla framkvæmd að ræða, ef engin veruleg hindrun er til


staðar ofan við efri fossinn sem skoðaður var.

Arni Helgason,

Veiðimálastofnun, Egilsstöðum.

Vesturdalsá í Vopnafirði Mynd 1.

Rafveiðistöðvar Veiðimálastofnunar.



- Stöð 1. Móts við Torfastaði um 1 km ofan við brú
2. Milli Vakursstaða og Ljósstaða
3. Við Ytri-Hlíð (Stekkjarþýfi)
4. Um 3 km neðan við Hauksstaði
5. Við Hauksstaði (neðan við vað á slóða).
6. 2 km ofan við Hauksstaði (V.Valagilsá).
7. 4 km neðan við Arnarvatnsstíflu (ófiskg)
8. 200 m neðan við Stíflu (ófiskg.).

Neðri fossinn í Vesturdalsá er, að talið er, fiskgengur, þegar vatns-  
magn er hæfilegt í ánni. Efri fossinn er ófiskgengur.

Ófiskgengi hlutinn er um 6.5 km og að auki 1.5 km á milli fossa.


Vesturdalsá í Vopnafirði. Tafla 1.

Niðurstöður rafveiða í Vesturdalsá 12 - 14 ágúst 1982. Þar sem aðeins ein yfirferð er farin er veiðanleiki áætlaður 30% fyrir 1 árs seiði, 40% fyrir 2 og 3 ára seiði og 50% fyrir seiði eldri en 3 ára.

| Veiðistaður  | Stærð<br>svæðis<br>í m <sup>2</sup> | Aldurs-<br>hópur | Veiddur<br>fjöldi | Áætlaður<br>fjöldi á<br>100 m <sup>2</sup> | Meðallengd<br>ásamt ör-<br>yggismörkum |
|--|-------------------------------------|------------------|-------------------|--|--|
| Nr.1 1 yfirf.<br>Móts við<br>Torfastaði                    | 297                                 | 0                | 0                 | -  | -                                      |
|  |                                     | 1                | 9                 | 10.1                                       | 5.8 (0.4)                              |
|  |                                     | 2                | 3                 | 2.5  | 9.1                                    |
|  |                                     | 3                | 0                 | -  | -                                      |
|  |                                     | 4                | 0                 | -  | -                                      |
|  |                                     | 5                | 0                 | -  | -                                      |
| Nr.2 2 yfirf.<br>Milli Vakurs-<br>staða og Ljóts-<br>staða | 768                                 | 0                | 0                 | -  | -                                      |
|  |                                     | 1                | 7                 | 3.1  | 5.8 (0.2)                              |
|  |                                     | 2                | 6                 | 2.0  | 7.8 (0.9)                              |
|  |                                     | 3                | 0                 | -  | -                                      |
|  |                                     | 4                | 0                 | -  | -                                      |
|  |                                     | 5                | 0                 | -  | -                                      |
| Nr.3 2 yfirf.<br>Við Ytri-Hlíð<br>(Stekkjarþýfi)           | 225                                 | 0                | 0                 | -  | -                                      |
|  |                                     | 1                | 12                | 10.9                                       | 6.5 (0.2)                              |
|  |                                     | 2                | 39                | 28.4                                       | 8.3 (0.4)                              |
|  |                                     | 3                | 3                 | 3.3  | 10.3                                   |
|  |                                     | 4                | 4                 | 1.8  | 11.2                                   |
|  |                                     | 5                | 0                 | -  | -                                      |
| Nr.4 1 yfirf.<br>3 km neðan við<br>Hauksstaði              | 630                                 | 0                | 0                 | -  | -                                      |
|  |                                     | 1                | 3                 | 1.6  | 5.8                                    |
|  |                                     | 2                | 7                 | 2.8  | 8.9 (0.2)                              |
|  |                                     | 3                | 0                 | -  | -                                      |
|  |                                     | 4                | 7                 | 2.2  | 12.2 (0.6)                             |
|  |                                     | 5                | 0                 | -  | -                                      |
| Nr. 5 2 yfirf.<br>Við Hauksstaði                           | 420                                 | 0                | 0                 | -  | -                                      |
|  |                                     | 1                | 3                 | 2.4  | 5.3                                    |
|  |                                     | 2                | 73                | 32.6                                       | 8.2 (0.1)                              |
|  |                                     | 3                | 1                 | 0.6  | -                                      |
|  |                                     | 4                | 12                | 3.8  | 11.7 (0.4)                             |
|  |                                     | 5                | 0                 | -  | -                                      |
| Nr.6 3 yfirf.<br>2 km ofan við<br>Hauksstaði               | 646                                 | 0                | 0                 | -  | -                                      |
|  |                                     | 1                | 8                 | 1.3  | 5.7 (0.6)                              |
|  |                                     | 2                | 91                | 18.2                                       | 8.0 (0.1)                              |
|  |                                     | 3                | 0                 | -  | -                                      |
|  |                                     | 4                | 4                 | 1.2  | 12.5                                   |
|  |                                     | 5                | 0                 | -  | -                                      |
| Sleppiseiði:   |                                     |                  |                   |  |  |
|  |                                     |                  |                   |  |  |
| Stöð 7   | 425                                 | 1                | 10                | 7.8  | 9.8 (0.4)                              |
| Stöð 8   | 208                                 | 1                | 21                | 33.6                                       | 10.0 (0.4)                             |

Vesturdalsá í Vopnafirði Mynd 2.

Fjöldi seiða í einstökum árgöngum sem veiddust í 1 yfirferð á 6 stöðum í Vesturdalsá dagana 12 - 14 ágúst 1982






Vesturdalsá í Vopnafirði mynd 3.

Rafveiðar 1981 og 1982. Allar rafveiðistöðvar.

Myndin sýnir lengdardreifingu einstakra árganga og veiddan fjölda seiða í hverjum árgangi.



VESTURDALSÁ Í VOPNAFIRÐI TAFLA 2 og mynd 4

Árangur af seiðasleppingu á ófiskgenga hluta Vesturdalsár á árinu 1981.

| Rafveiðisvæði     | Fjöldi á 100m <sup>2</sup> | Meðalstærð ÖM. | Svið       |
|-------------------|----------------------------|----------------|------------|
| Við Arnarvatnsst. | 33.6*                      | 10.0 ± 0.4     | 7.6 - 12.0 |
| um 4 km neðar     | 7.8*                       | 9.8 ± 0.4      | 8.7 - 10.7 |

\* Gert er ráð fyrir 30% veiðanleika

